

í því tilliti milli hans og fráfaranda (áfrýjanda). Þar sem málið þannig var útkljáð fyrir fógeta-rjettinum með löglegri sætt, gat áfrýjandi eigi síðar skotið úrskurðinum, sem aldrei kom til framkvæmdar, til æðri rjettar, og ber því samkvæmt kröfu stefnda að visa máli þessu frá yfirdóminum, og þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Því dæmist rjett vera :

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Áfrýjandinn Ólafur bóndi Þórðarson í Efri-Sumarliðabæ greiði stefnda Jóhanni bónda Þorsteinssyni á Litla-Ármóti í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Nr. 26/1895.

Halldór Bjarnarson
gegn
Þórarni Benjamínssyni.

Dómur:

Með stefnu, dags. 1. júní f.á., hefir áfrýjandi þessa máls Halldór prófastur Bjarnarson á Presthólum skotið til landsyfirrjettarins dómi, gengnum í aukarjetti Þingeyjarsýslu 3. desbr. 1894 í máli milli hans og Þórarins Benjamínssonar á Efri-Hólum út af skuldaviðskiptum þeirra í milli, sem gjörir honum að greiða stefnda kr. 83,73 með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnað-

ur skyldi eptir dómnum falla niður; nokkur ummæli málspartanna í sóknar- og varnarskjölum þeirra voru dæmd dauð og ómerk. Hefir áfrýjandi hjer fyrir rjettinum krafizt, að hinum áfrýjanda dómi verði hrundið og breytt þannig, að hann verði dæmdur sýkn af kærnum og kröfum stefnda, en að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 200 kr. 64 a. með 5% ársvöxtum frá sáttakæru-degi, en um þá upphæð hafði áfrýjandi gagnstefnt stefnda í hjeraði; ennfremur hefir hann krafizt, að nokkur orð í kæruskjali stefnda í hjeraði verði dæmd dauð og ómerk, og að stefndi verði dæmdur, hvornig sem málinu lýkur, til að greiða honum 100 kr. í málskostnað fyrir báðum rjettum eða eitthvað eptir rjettarins mati nægilegt. Hins vegar hefir hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum 100 kr. í málskostnað fyrir yfir-dómi.

Skuld sú, sem stefndi hefir talið til hjá áfrýjanda, var samkvæmt sáttakærunni að upphæð kr. 105,48, en eptir stefnunni í undirrjetti að eins 98 kr. 70 a.; í sóknarskjali sínu í hjeraði heimtar stefndi aptur 105 kr. 48 a. og enn fremur fyrir stefnuför 7 kr. 50 a. En þar sem ekki er kært til sátta nema 98 kr. 70 a. skuld, verður að skoða þessa upphæð sem dómskröfu hans, enda lýtur málsfærsla hans seinna að þessari upphæð.

Skuldakrafa stefnda er byggð á reikningi hans til áfrýjanda, sem lagður var fram í hjeraði

sem rjettarskjal nr. 5, og hefir hjeraðsdómarinn að eins tekið til greina reikningsliðina:

nr. 1—3	kr. 9,00
af nr. 4	— 14,00
nr. 6—8	— 7,60
nr. 11—14	— 48,00
nr. 16—19	— 42,00
nr. 25—26	— 5,00
Enn fremur hattverð	— 3,50
og tvitalin prests- og kirkjugjöld	— 6,70
	<hr/>
	kr. 135,80

og dregið frá þessari upphæð — 52,07,

sem stefndi kannast við að hafa með-

tekið frá áfrýjanda. Eptir eru . . . — 83,73,

en það er upphæð sú, sem hjeraðsdómarinn hefir dæmt hinum stefnda. Með því að stefndi hefir eigi gagnáfrýjad málinu, er nú að eins spurning um hinar ofantöldu upphæðir, þegar um kröfu hans er að ræða á hendur áfrýjanda. Hinum öðrum kröfuliðum á reikningi hans var hrundið af hjeraðsdómaranum. Áfrýjandi hefir eigi mótmælt reikningsliðunum nr. 6, 8, 12 og 13, samtals að upphæð 18 kr. 60 a., nje heldur hattverðinu kr. 3,50 og endurgjaldskröfunni fyrir tvitalin prests- og kirkjugjöld kr. 6,70, en allar þessar upphæðir eru dæmdar hinum stefnda með undirrjettardóm-inum, og eru þær þannig nú viðurkenndar, samtals kr. 28,80,

Hinum öðrum reikningsliðum hefir áfrýjandi neitað.

Að því er snertir póstana 1—2, þá neitar áfrýjandi að upphæðir þær, sem

þar eru tilfærðar, sjeu rjettar, því þeir Fl.kr.28,80 Magnús og Stefán hafi að eins unnið honum part úr dögum: en svofelld neitun getur ekki, gegn staðhæfing stefnda um að þeir hafi unnið áfrýjanda heila daga og sem styðst við það sem á annan hátt er komið fram, tekizt gild. Samkvæmt þessum póstum ber því stefnda að fá greiddar hjá áfrýjanda — 8,00

3. pósti hefir áfrýjandi neitað að »svo stöddu« og »af því hann ekki reki minni til«. Svo felld neitun verður ekki tekin til greina. Áfrýjanda ber því að greiða þennan póst með — 1,00

4. póstinn vill áfrýjandi greiða með 12 kr., en er dæmdur til að greiða hann með 14 kr.; í reikningnum eru tilfærðar 16 kr. Það er viðurkennt í málinu, að stefndi hafi verið á ferð fyrir áfrýjanda í 4 daga, lagt sjer til hest og lagt sjer til fæði, og verður því ekki álitid að þessi krafa sje of há, enda hefir áfrýjandi ekki sannað, að öðru vísi hafi verið um samið. Verður hann því að greiða þennan póst með — 14,00

Við 7. pósteru mótmæli áfrýjanda svo óákveðin, að hann verður að greiða hann með — 3,00

11. póst hefir áfrýjandi neitað að greiða með 2 kr., segir að Stefán hafi

Flyt kr. 54,80

að eins verið við vianu hjá sjer part úr Fl.kr.54,80
 degi, og metur hann þá vinnu 50 aura.
 Gegn þessari órökstuddu neitun áfrýj-
 anda virðist stefndi hafa fært næga
 sönnun fyrir að pósturinn sje rjettur; ber
 áfrýjanda því að greiða hann með . . — 2,00

Að því er kemur til 14. töluliðs á
 reikningnum, þá er það viðurkennt að
 stefndi hafi unnið að húsasmíðum að vor-
 og sumarlagi í 64 daga. Hefir áfrýjandi
 að eins viljað greiða stefnda 1 kr.50 a.
 í dagkaup, og segir, að svo hafi verið
 um samið. Áfrýjandi hefir hins vegar
 haldið því fram, að 2 kr. dagkaup vor-
 og samartímann sje hið lægsta kaup, er
 hann taki fyrir vinnu sína við smíðar,
 og neitar því að nokkuð hafi verið um
 samið milli áfrýjanda og hans um kaup-
 ið. Með því stefndi þannig að eins hef-
 ir reiknað sjer venjulegt kaup, og áfrýj-
 andi ekki hefir fært sönnur á, að öðru
 vísi hafi verið um samið, hlýtur áfrýj-
 andi að greiða upphæð þessa töluliðs
 með — 32,00

Að því snertir 16. tölulið reiknings
 stefnda, þá hefir áfrýjandi að vísu kann-
 azt við, að Haraldur sonur stefnda hafi
 verið hjá honum við fjárgeymslu að
 vetrarlagi í 42 daga, en segir, að það
 hafi verið um samið, að hann að eins

Fl. kr. 88,80

skyldi vinna fyrir mat. Þessu hefir Fl. kr 88,80 stefndi neitað; það hafi ekkert verið um það samið; áfrýjandi hafi lofað Haraldi að gefa honum Konráðs orðabók, sem hann ekki hafi efnt. Með því að áfrýjandi ekki hefir sannað, að svo hafi verið um samið, að Haraldur skyldi að eins vinna fyrir mat sínum, og með því hann ekki hefir neitað því, að hann hafi lofað Haraldi Konráðs orðabók, og þannig heitið honum kaupi, þá virðist stefnda hafa verið heimilt að færa áfrýjanda til reiknings hæfilegt kaup til Haraldar, og með því áfrýjandi ekki hefir með rökum mótmælt því, að 50 a. kaup á dag væri hæfilegt, kemst áfrýjandi ekki hjá að greiða upphæð þessa töluliðs með . — 21,00

Mótmæli áfrýjanda gegn 17. tölulið reikningsins virðast staðlaus, og verður hann því að greiða upphæð hans með — 8,00 og svo er og um upphæð 18. og 19. töluliðs, er honum ber því að borga með — 13,00

25. póstur virðist nægilega rökstuddur af stefnda; áfrýjanda ber því að greiða honum upphæð hans með . . . — 3,00

Fyrir skemmdir og slit á smíðatólum, sem reiknaðar eru undir tölulið 26, virðist ekkert verða dæmt stefnda gegn neitun áfrýjanda, því að það er ekki sannað, að þau hafi hafi skemmt, og sú

Fl.kr. 133,80

sögn prestsins, að þau hafi verið lánuð Fl.kr.133,80 en ekki leigð, er ekki hrakin af stefnda,

	Samtals kr. 133,80
og þegar þar frá dragast þær	— 52,07
sem stefndi hefir fengið frá áfrýjanda, verður eptir	kr. 81,73

sem áfrýjandi virðist eiga að greiða stefnda.

Að því snertir kröfur áfrýjanda á hedurn stefnda, að upphæð kr. 200,64, þá virðast þær ekki vera á rökum byggðar og verða því ekki teknar til greina.

Að því fyrst kemur til kröfu áfrýjanda um borgun hjá stefnda fyrir beit í Presthólalandi, þá er þess fyrst að geta, að hin framlögðu vitnisburðarskjöl eru allsendis ónóg til þess með þeim að rökstyðja kröfu áfrýjanda í þessu tilliti, þar sem þau bæði eru í sjálfu sjer óljós og sem óeðfest utanrjettarskjöl ekki geta gegn mótmælum stefnda haft neitt sönnunargildi. Að því kemur til kröfu áfrýjanda, að upphæð 26 kr., fyrir við úr strandi »Ídu«, haustið 1887, þá hefir áfrýjandi ekki gegn mótmælum stefnda, skýrslu hans og öðru, sem fram er komið í þessu efni, rökstutt þessa kröfu sína.

Að áfrýjandi hafi ljed stefnda 2 menn til að slá í Vesturdal sumarið 1889 1 dag og 1 nótt, sem reiknað er til peninga af áfrýjanda 16 kr., er að vísu játað af stefnda, en hins vegar hefir hann haldið því fram, að þetta sje greitt þannig, að hann

hafi látið 2 menn slá á Presthólatúni nokkru seinna, og þar sem áfrýjandi hefir ekki mótmælt þessu, verður þessi krafa hans ekki tekin til greina.

Einnig hefir stefndi kannazt við, að áfrýjandi hafi látið reka fyrir sig 8 kindur austur á Vopnafjörð, er áfrýjandi heimtar 4 kr. fyrir, en hins vegar kveðst hann hafa ljed honum forustusauð í þá rekstrarferð, og vill því að þetta fallist í fadma. Áfrýjandi hefir ekki neitað forustusauðslánu, og virðist þessi 4 kr. krafa hans því ekki geta tekizt til greina. Þær 20 kr., sem áfrýjandi heimtar af stefnda fyrir það, að bróðir hans nokkrum sinnum lagaði umbúðir á veikum börnum stefnda vorið 1892, virðist stefndi hafa borgað með vökum og yfirsetu hjá brjáludum frænda áfrýjanda.

Krafa áfrýjanda að upphæð 14 kr. fyrir yfirfrakka virðist ekki eiga við nein rök að styðjast.

Yfirdómurinn fellst á að hjeradsdómarinn hefir dæmt ómerk nokkur orð, er málspartarnir hafa viðhaft hvor um annan, sem sje þau orð áfrýjanda: »og svo eru Kainsmerkin of ljós á honum«, og þau orð stefnda: »jeg gat ekki ætlað prófastinum svo lubbalegan smásálarskap«.

Samkvæmt framanritaðu ber áfrýjanda að greiða stefnda 81 kr. 73 a. Stefndi á á hinn bóginn að vera sýkn af kærnum og kröfum áfrýjanda. Málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjetta vera:

Afrýjandinn, Halldór prófastur Bjarnarson, á að greiða stefnda, Þórarni Benjaminssyni, 81 kr. 73 a. með 5% vöxtum frá sáttakæru-degi 9. maí 1893, unz greitt er. Að öðru leyti á hjeraðsdómurinn að vera óraskadur. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 43/1895.

Dánarbú Stefáns Ólafssonar.
 gegn
 Rafni Sigurðssyni.

Dómur:

Hinn 24. ágúst 1885 gaf stefndi Rafn Sigurðson, skósmiður hjer í bænum, tengdaföður sínum Stefáni bónda Ólafssyni í Kalmanstungu brjeflega viðurkenningu fyrir því, að hann hefði tekið til láns hjá honum 3000 kr., er hann lofaði að greiða af 4% í vöxtu árlega, og vedsetti hann til tryggingar skuldinni hús sitt í Vallarstræti í Reykjavík næst eptir 1200 kr. vedskuld til landsbankans. Þar næst segir í viðurkenningarskjalinu, að af skuldarupphæðinni (3000 kr.) sjeu þegar borgaðar 800 kr. og dragist því frá áskildum rentum eptir fyrri hluta bjefsins árlegar rentur af 800 kr. Loks var tekið fram í brjefinu, að það skyldi útgefið í tvennu lagi, en það var þó aldrei gjört; en þetta eina eintak, sem út var gefið, geymdi Ólaf-